



Flosnar upp á sínum
vegi,
ei maður grandvar.

Hann er honum líkur,
með bundð fyrir augun,
dettur svo, en
skilur ei í hví.

Kannski sönglag?

Kvæði frá árinu 2018.

*Höfundur:
Konráð Rúnar Friðfinnsson.*

Alelda!

(frið-finnur yrkir)

Alelda og allt bara horfið.
Alelda og að fólki sorfið.
Alelda. Eldurinn brennir
eigur. Í framan sig glennir.

Alelda. Ég vissi ekki mikið.
Alelda. Í burt fæ ei vikið.
Alelda. Sé logann sig læsa
í lögin. Á fólkið hvæsa.

Alelda. Hvað sem hér gerist
hryggir fólk. Vill að það berist.
Mátturinn er mikill í eldi.
Máski er hann líka veldi?

Bið. Þoli þau.

(ffrið-finnur yrkir)

Fyllti allan bílinn og sagði bless.
Bráðum kemur varan svaka hress.
Ei biðin eru mjúk og máski leið.
Mamma taldi að leiðin væri greið.

Segir ekki mamma manns þá satt?
Mundi hún tala svona væri bratt?
Tæki hún sér orðin öll í munn
enda svo með sitt niður í brunn?

Ónei mamma engin gerir slíkt.
Ólíkt væri henni og laust við mýkt.
Maður þarf að engjast aðeins meir.
Endalaust að doka báðir tveir.

Heyri ég síma? Svei mér þá.
Syngur alveg hástöfum. Og mér brá.
Blessuð varan berst öll inn í hús
blóðmör, kaffi, glas og smá af djús.

Bókin mín!
(frið-finnur yrkir)

Er bókin mín búin að vera?
Bráðum er komið heilt ár.
Er næsta hana niður að skera?
Næst þá að græða vor sár?

Skruddan mín skaðræði gefur.
Skrifin mín eru nú stopp.
Undan mér öllum hún grefur.
Átti að komast í topp.

Hverjum kom hugar til þetta
að herrann ég skrifaði bók
sem bara kann blöðum að fletta
og blindur á annað en kók.

Þarna samt er soltin bókin.
Svolítið krumpuð á svip
og orðin mér allmikið flókin
eins og hið strandaða skip.

Ókei ég ermar upp bretti
þó einbeitingin lítil sé
og sest ásamt alvöru ketti
sem eingöngu kann stafinn bé.

Loksins er bókin mín búin.
Bara eftir nafnið, sem sé.
Hún reis aftur ónýta brúin.
Er ágæt en hefst þó á bé.

Hvað? Má ekki mitt hafa sjarma?
Maður er sitt eigið tré.
Mitt hefur sinn bláa bjarma
og bókin mín eitt stærðar Bé.

Bróðir í neyð?

(frið-finnur yrkir)

Berðu með mér byrðar mínar,
bróðir sem að Kristur nærir.
Þá mér aftur í hjarta hlýnar
Hjálp í þessu kæri værir.

Syngdu með mér sönginn eina
er sólin birtu hafði alla
og vildi af öllu afli beina
eins væri hún lífsins bjalla.

Taktu á ár svo aðstoð birtist
Engan þarf að hafa einan.
Vertu hjálp svo hverfi angist.
Ekki láta vera um seinan.

Verðu tíma í veikan bróðir.
Viltu máski sama lúta?
Ferð um sjálfur sömu slóðir.
Sinnir ekki að leysa hnúta.

„Gefðu“ - segir Guð þinn Kristur:
„Gakktu veginn heill á brúnni.
Ég er með og fer þar fyrstur.
Færast klettur bara af trúnni.“

Engin nema Kristur kemur.
Kallaði en engin heyrði.
Samt af Syni margur nemur.
Söng um hann en burtu keyrði.

Bryggjumynd 18.

(frið-finnur yrkir)

Engin er knörrinn. Kverkinn er tóm.
Kvikan er farin. Í logninu stillt.
Höfnin er alsæl. Er útsprungið blóm
með allstaðar stoðir ef veður er tryllt.

Alloft fer atgangur nokkur af stað
af völdum veðurs sem herjaði á
Þá er í kverkinni knörr. Eða hvað?
Er kominn prammi á þennan stað?

Knörrinn er fjarlæg og kannski á sjó
að kremja öldur sem þar er af nóg.
Þær mannskapinn lemja að losa um tó
og líka að fleygja úr fiskinum slóg.

Þarna hann birtist nú báturinn smár.
Berandi afla að landi í dag.
Hann er á litinn laglega grár
liggur því vel í að gera um brag.

Akfeit er kelling að koma úr bát.
Klöngrast hún yfir röðina í land.
Ekki á henni er einasta fát
Uns kjöllin festist og allt sigldi í strand.

Birtist þá riddari rauðum hest á.
Rauðleitur er hann með lausnina samt.
Hann miklum kuta á kaðalinn brá.
Konunum að bjarga var honum tamt.

Akfeita kellingin kom sér í land
Kallinn á bryggjunni ók frúnni heim.
Rauðleitur riddari er kominn í stand.
Ráðgóður er hann og gleymir ei þeim.

Sjóferðabæn skal beðin?

(frið-finnur yrkir)

Hvort sjóferða bæn menn biðji hér enn
og beri sig enn eftir henni
og séu í hnotskurn góðir Guðsmenn
gangandi í trú. Og þá brenni.

Segja ekki skal ég en skoðun mín er
að skrykkjótt sé bænalíf manna.
Að menn stundum standi er lítið á ber
og stynji upp bæn til að kanna.

Guðsvitund leynist þó grátt sé allt hár
og gefi á bátinn við tangann
og maðurinn verði, já, gugginn og grár,
geispi og bjóði hinn vangann.

Aldrei er að vita hvar biðji menn bæn
blautir og kaldir í framan,
eða sjóðandi af visku en vistin samt græn
en vissu, sem er svaka gaman.

Endum nú daginn drengir með bæn.
Ei drögum á langinn þau hrópin.
Hér eru margir og verið svo væn
að veitast að Guði með ópin.

Erjur.

(frið-finnur yrkir)

Maðurinn.

Má ég aðeins anda

áður en ég fer?

Á stéttinni að standa

staðráðin ég er.

Konan.

Gastu ekki góði

gert það áður enn

allt hér útaf flóði?

Æ. Þið litlu menn.

Píanóið fingrafimi festir alla og gefur.

Fingralangur puttur eru þjófa

Fyrri afl er eigulegt og margan manninn gleður

Margir aðrir halla sér að bófa.

Gjöfin

(frið-finnur yrkir)

Við dreifum vel og máski meira
ef moníð er til.

Við látum í okkur aftur heyra.

Allvel það ég skil.

Góðmæli.

(frið-finnur yrkir)

Blóðið hafra og nauta gerir minna gagn
en ganga vor með Jesús sem dregur vorrann vagn.

Krossinn merkir endir en upprisuna þó.

Alltaf vil ég muna að Jesús vagn minn dró.

Orðið gefur lífið sem leikur oss í dag

af leikni sinni allri, Það manni er í hag.

Kannski er sumt erfitt er eymdin segir já

en alltaf skjól að finna Drottni sjálfum hjá.

Gott er það að vita að váið hverfur senn

og vinurinn í hæðum sé með okkur enn.

Guð minn. Bjargræði.

(frið-finnur yrkir)

Blæðingin er hætt og heimsmýndin er farin.
Horfin bak við þilið og liggur þar öll marin.
Sagar enn er þarna með þykku lagi af blóði.
Þekur völl og fjallið sem eitt sinn mjög á glóði.

Líka það er farið og ferðalagið dapurt.
Furðulegt er það hvað hér sé orðið napurt,
sem eitt sinn ríkti á gleði og glaumur allur varði.
Gekk svo burt í skyndi og út í buskan starði.

Ætt af mannavöldum horfin er úr heimi.
Hundurinn varð eftir og því ég aldrei gleymi:
„Hann lifa svo sem má vel“- maður einn það sagði
Með haug af líkum hjá sér. Og öll hrúgan þagði.

Eins og þefa hundar hendur grípa óttann
og hrifsa til sín fólkið til að hindra flóttann.
Þeir hafa börn til dauða dæmt og menn og konur
og dregið yfir myrkur því aldrei kom fram sonur.

Samt varð eftir Guð minn sem gekk og vissi betur.
Gladdi mig og annan. Hann allt í heimi getur.
Hann sagðist vera ljósið sem lýsi upp allt myrkur.
Líka sagði meira! Að verði mannsins styrkur.

Þetta er nú sagan. Hún merkt er háð og spotti
hringleikjum og sorgum en litlum kærleiks votti.
Svona líka fer það er Guð er gleymdur mönnum
er gráta bak við veggj af eigin boð og bönnum.

Hrossið

(frið-finnur yrkir)

Hrossa gaukur og hrossa tað.
Hrossið hneggjar, segjum það.
Hrossið brokkar, hleypur skeið
Hrossið fer jú alla leið.

Hrossið sterka stendur vel
Stekkur með mig, það ég tel.
Hrossið slær og slekkur hug.
Slær burt allan kraft og dug.

Hrossið sýnir sannan dug
Sér nú töðu, fer á flug.
Hristist haus og meira til
með herrann bak við tvöfalt þil.

Hross og hnakkur eru klár,
hafa verið í mörg ár.
Alltaf sama ástand hér.
Eins og líkar okkur hér.

Í fögrum hóp

(frið-finnur yrkir)

Sé ég ekki Hreinsa sem heppinn alltaf er svo í hreinum meyjarfansi sem telur fleiri en tvo. Hann en er lukku megin að margvíslegi leiti og missir aldrei taktinn og svona flottu teiti.

Þetta er svo magnað að maður bara hváir og minnst þess að eitt sinn voru nokkrir smáir sem stórir mundu verða en áfram litlir voru og vissu ekki skil á nema sitt af hvoru.

Þá voru aðrir tímar og trú á eigin getu sem trauðla gilda núna á vorri gömlu setu sem ber mann orðið alltaf á gagnlítilli stundu og allt bara er farið er veggir sjálfir hrundu.

Mikið var samt gaman að í Hreinsa heyra og líta herrann sömu augum og er minn var að hnýta netahnút á skipi með skröltið allt í kringum og skellina og högginn og góðum slatta af stingum.

Þar var hann einnig heppinn að taka þátt verki sem horfið er af velli og engin sér þess merki að hafi eitt sinn gilt hér og gefið hellings pening og gengið svo frá hnútum að kasta þurfti upp tening.

Ísland er á velli

(frið-finnur yrkir)

Hm allt og Ísland er á velli.
Allir eru að horfa til að sjá.
Máski að maður sér í þetta helli.
Minnsta kosti er í það að spá.

Ísrael fæddi Jesú.

(frið-finnur yrkir)

Ísrael er landið sem lausnin kemur frá.
Lausnari þar fæddist er var ég ennþá strá
sem titraði í vindi enn vissi ekki hví
Verkin sem hann gerði eru, kæri, ný.

Ísrael skal styðja og standa landi með.
Staðfastur á línu og ekki vera það
sem sér ekki né skilur að skrattinn hafi völd
og skryðist sínum þjófshætti að veröld öll er köld.

Ísrael mér gefur gæfu fyrir Krist.
Guð á himnum átti en horfði á mig fyrir
og sagði „Þú mátt fá Hann. Við Hann skalt líma þig
og hafa nafn á floti svo ekkert verði hnig.“

Þaðan er það komið mitt kæra Jesú nafn.
Kærleikur í verki sem ekki fer á safn.
Hann lifir alla daga með dreng og telpu hér.
Drekkur með þeim kaleik og lífið alltaf sér.

Að vera hlynntur landi sem lífið gefur sjálft
og leika sér í friði og eignast meira en hálf
er fráleitt eitthvað bara sem engan skiptir neitt.
Það annar hefur fært mér og allt gjaldið greitt.

Ísrael er landið sem gefa skaltu gaum.
Guð á himnum vill það. Þaðan færðu straum.
Við sem þekkjum Jesú og játum nafnið hans
játum og að nafnið sé bæði Guðs og manns.

Jólasveinn í kröggum
(frið–finnur yrkir

Jóla sveinninn í sjálfheldu er.
Syngur falskt líka núna
Hver sveinki er og hvert hann svo fer
Hann er að missa trúna.

Sér ekki reit og ratar ei heim
Reynir að gleyma stöðu.
Veit bara sumt er gaman og geim
og grenjar því inn í hlöðu.

Sárkvalinn pokann sjúkur hann ber.
Segist já hættur þessu
Gaddur hann einnig lemur og ber
Loksins fór allt í klessu.

Gegnfrasinn komst hann kofa eins til.
Karlinn var inni að hnýta.
Heyrði ekki höggið í þessum byl
En hundurinn úti að skíta.

Kom þá að seppi sætur og hress
og snjóugum mannum mætir.
Hann galti og gólaði og ofboðslegt stress.
Það grey sveininn aftur grætir.

Maðurinn inni stendur af stól
Stormurinn lamdi glugga.
Í gegnum þetta haninn hans gól
Honum þarf ekki að rugga.

Ferð jólasveinsins hún svakaleg er
Sagði er hurðin opnast:
„Brjálað er veður til byggða ég fer
Bara að ég gæti vopnast.“

Karlinn á kassanum.

(frið-finnur yrkir)

Karlinn er á kassanum í dag.
Kallandi að Guð sé en að starfa.
Að hann komi gangi í gott lag.
Geri en þurfi fyrst að reyta arfa.

Karlinn hefur engan angrað neitt.
Allir sáttir eru við hann þarna.
Vita að kauði kannski geti breytt
klaufalegum verkum vorra barna.

Orðið sem hann flytur á sér líf.
Allir sem það heyra geta fengið.
Eignast með því eigin vélar hlíf
sem allt lífið fær með þegnum gengið.

Karlinn er þó ekki ofaní bæ.
Enda nýir tímar komnir núna.
Samt þarf hjartað sitt að eignast fræ.
Svamlu um í Orði fyrir trúna.

Kassinn burtu er genginn gangstétt af.
Guð minn lét hann inn í tölvu mína.
Sagði: „Farðu maður minn af stað.
Margan þegninn verð ég áfram brýna.“

Allt í dag er tölvu og neti tengt.
Tengingarnar mega ekki rofna.
Í dag er kassinn þar og karli gegnt.
Karlinn má því ekki sjálfur dofna.

Guð er sannur, syngur okkur með.
Sannleikurinn er á Jesús vörum.
Stundum erum þó þessi peð
og þreytast af því sem á milli gjörum.

Kuldaboli.

(frið finnur yrkir)

Svo er kalt hér inni að ísinn fór að kvarta
og ekki geti bráðnað né lekið niður dós.
Gat heldur ekki beðið að fót og fingur í narta.
Ég fráleitt þessu öllu gef mitt hrós.

Líf Blakks.

(frið-finnur yrkir)

Blakkur er hestur í haganum mínum.
Hleypur hann sperrtur um koppa grundir.
Hann er á vegi og veginum sínum.
Veit ekki um neinar farsælar stundir.

Tímanna sinn notar að nostra við grasið.
Nagar og tyggur og kyngir svo öllu.
Blakkur er frjálssari en fuglinn grár sjálfur
Fer sínar leiðir, alveg eins og kálfur.

Svo koma dagar sem dropar hann væta
og dettur í þunglyndi sem engan bæta.
Liggur þá grafkyrr og gráti er næstur.
Greyið hann Blakkur er úti hér læstur.

Í fjarska er húsið sem hýsti Blakk líka.
Hús þetta geymir marga hans líka.
Samt er hann hérna í ausandi regni.
Hundblautur orðin og vart meira megni.

Um hliðið var einu fjórhjólí ekið.
Eigandi vitjar Blakks síns í nauðum.
Að Blakk hafði áður ekið og rekið
inn í sitt hesthús með í nokkrum sauðum.

Upp reis nú Blakkur er heyrðist sjálft hóið.
Horfði á tækið nálgast og stoppa.
Herranum mætti og með gamla hróið.
Máski af gleði Blakk langaði að hoppa.

Skjóni á básnum beið honum eftir.
Blíðlega hneggjaði er rennbautur Blakkur
birtist í gættinni og gráturinn heftir.
En greyið Skjóni var sérdeilis frakkur.

Maður. Ha, ég?

(frið finnur yrkir)

Kýrin ekki talar né mælir mannsins mál.
Kýrin okkar baular hátt og snjallt.
Maður engin getur en maður hefur sál.
Maðurinn því gerir nánast allt.

Maður fylgir Jesú og játar honum tryggð.
Jáið gefur honum færa leið.
Öðru hvoru lifir svo maður mikla styggð.
Mannsonur þá eftir honum beið.

Krossinn blasir við og krossinn markar veg.
Kristur er með krossinn alla tíð.
Maður sinn kross hefur og hann líka dreg.
Hvort sem er um sléttan veg og hlíð.

Maður er ei skepna og maður er með vit.
Missir stundum áttir og gerist ör.
Stundum verður kauði krakkar alveg bit
og kúldrast inn í skoru við önnur kjör.

Þetta gerir maður og máski er hann þú.
Maður sem að gerir stundum rétt.
Inn á milli fer allt burt sem heitir trú.
Erum við segja nokkrum frétt?

Kýrin áfram jórtrar og játar sem sinn mat.
Jóðlar ekki eins og gera menn.
Maður fyllist gremju og gerir stundum at.
Grenjar svo af hlátri öllum senn.

Orðunum raðað.

(frið-finnur yrkir)

Alveg er það skínandi að skuli fara hlýnandi
og skattaskjólin dvínandi og veðrið sjaldnar hvínandi
og sjaldnar maður pínandi og meira svona grínandi
máski líka elskandi - kellur eins og þig.

Ó klukka! Ekki stöðvast.

(frið-finnur yrkir)

Óskapleg eru biðin og ekkert hreyfist klukkan.
Allt við það stoppa er brotnaði ein krukkan
Mér dauðbrá svo við hljóðið að hjartað vildi ei dæla.
Er hreyfðist klukkugarmur þá aftur varð til sæla.

Sekúndurnar koma kaldar á litlum hraða.
Króklöppin er orðin en þær samt upp sér hlaða.
Og áður en hér varir er vísir aftur sleði.
sem varla hreyfist fetið. Það hræðilegt er geði.

„Tími skalt þér hraða og hlaupa eins og fákur
sem sendist eftir sléttu ei hægfara sem snákur
sem skríður líkt og ormur og hefur engar lappir.
Er ekkert nema spotti sem hlykkjast yfir klappir.“

Loks er farin ein stund í stríðnu við tímann.
Stóðst enda ekki mátið og teygði mig í símann
Gargaði í eyra karlsins sem húkti hinum megin,
að hér ég væri að bíða. Orðin laus við beyginn.

Hinn skildi ekki þetta og vildi vita meira.
Voðalega forvitinn beint inn í mitt eyra.
Ég sagðist vera vindur sem blési beint úr austri,
búin alveg á því og skást geymdur í klaustri.

Sjómannadagur

(frið-finnur yrkir)

Sjómannadagur er dagur bestur.
Drengi heiðrar og hann á brestur.
Heyrast kröfur og karp um launin
Karlar vilja þá fara í sauminn.

Sjómannadagur er gildur, góður.
Gengið hefur og varð til sjóður
sem gefur mönnum máski á færi
að missa úr róður. Ef undir bæri.

Allmikill hátíð orðin er dagur
Þó eitt sinn hafi hér verið slagur
og einn á móti en annar studdi
Engin spurning. Hann veginn ruddi.

Skipin koma, bryggju við binda.
Blað er opnað. Þeir skoðun mynda
og gera kröfur sem ganga í haginn
og kalla fram á Sjómannadaginn.

Skrípa herdeild.

(frið-finnur yrkir)

Skrípa herinn í skrípa dal
skondnir eru í fjalla sal.
Vopnin þeirra vinna ei mein
Varla þessu sér gera grein.

Skrípa kallar að skríða jörð.
Skoða blómið og fúna gjörð.
Orðnir hissa á ástandi hér.
Annað vildu nú gefa þér.

Skrípa herdeild nú skundar burt.
Skelfdir orðnir og láta kjurt
gamla dótið sem dottið er.
Dagar koma. Því eyða ber.

Með hjálm á höfði læðast frá.
Hetjur þessar og skelfdar smá.
Allar raula samt sama lag
Sumir kunna það betur fag.

Öll skrípa deildin datt um koll.
Dugði ekki í þessum soll.
Reyndi samt og rembdist við
að ryðið losa og auka grið.

Skrípa herdeild hlær ei meir.
Höfðu ekkert nema leir.
Hann molnar meira og ekki stenst.
Með tíma öllum vel þó venst.

Skrípa herdeilt nú skoðar teig.
Skríður jörðu og eftir fleyg
Sem einhver missti en mundi ei
að máski gagnist hann öðru fley.

Sóttthræðsla.

(frið-finnur yrkir)

Sumir eru sóttthræddir í raun
og setja upp gúmmíhanska til að verjast.
Þeir sjúkdómanna finna af flestu daun
en fatta ei að margt með þessu gerjast.

Þeir lifa í ótta allan daginn sinn
og eiga líka slatta af nóttum vondum.
Þeir hugsa þetta daginn út og inn.
Ekki vilja taka um berum höndum.

Óttinn við svo margt er mannsins vers.
Margt er líka sýkt í veikum heimi.
Þeir munu vera á milli báru og skers
Margt er þessu fólki hjá á sveimi.

Samt er lífið til að lifa því.
Liggur ekki flatt í degi vorum.
Sóttthræddur samt skilur ei í því
að sitja alveg fastur í þessum sporum.

Losum um og áttum okkur á
að engin hér fær losað sig frá sumu
að hann muni sína sóttarglímu fá
er sest á eina og líka hina frumu.

Lofum Guð og göngum veginn hans.
Gerum daginn að því besta í heimi.
Það er vilji lífs og líka manns.
Liggur ekki vandinn að þessu gleymi?

Undir rós

(frið-finnur yrkir)

Ógeðslegt er þetta og ógeðsleg er lyst
Alltaf er að borða og fátt af kíló misst
Er það ekki gaman að geta etið meir.
og ganga í takt við bræður Skúla, Helga og Geir?

Stundum tala menn „undir rós, eins og sagt er og framreiða af ásetningi ó
sneið á duldu máli.

Og svona mætti yrkja væri fólki illa við einhvern en æst í að tjá sig.
Á samt ekki við í tilviki höfundar.
Nöfnin eru tilbúningur hans.

Við þaðin.

(frið finnur yrkir)

Dagarnir í viku hverri eru þeir ekki sjö
og ein vika samanstandur af?
Verður klukkan okkar ekki líka stundum tvö,
og að einstaka maður noti tré staf?

Um þetta mætti lengi rífast og rogast með
og reyna fá í eitthvað betra hald.
Æ við litlu sætu greyin gangandi erum það
og gerum stundum til að hafa vald.

Inn á milli er þessu sundrað þegar kemur nýtt.
Þá frýs blóð í æðum og svipur með.
Og dagur allur gerist grimmur og í lófa spítt.
Gaman ei að vera bara það.

Öldin þælir?

(frið-finnur yrkir)

Öldin er núna að nostra mig við
Neitar að fara úr þessum klið.
Segir að alltaf er ætlar hún það
eignist hún eldfjall sem fljótt fer af stað.

Þá sé það sjálfhætt að svamla í burt.
Söknuður er það að hafa ekki spurt
hvort sé til annar sem ekki sé til
að eigna sér hluta að brúa með bil.

Öldin er kvartandi er kannski ekki neitt
í kuldinum öllum sem ég fæ ei breytt,
og ekki þú heldur sem hingað til berð
hamingju á öxlunum og í hendi sverð.

Öldin er grátandi, allir það sjá.
Eigandi laglínu um vaxtarlaust strá
og líka um ófarir sem ei fara burt
þó oftsinnis hafi sagt: „Lát þetta kjurt.“

Öldin hún margskonar hefur hér séð.
Helling af framförum hafa þó skeð.
Samt vildi hún fara og frýja sig af
ferlinu öllu sem setti hún af stað.

Aldirnar koma og kalla hina inn
Konur og menn allir ríkja um sinn.
Ein verður eftir í dansinum þeim.
Öldin sjálf blífir og kemst fráleitt heim.

Barnið næst fæðist svo fólk gangi hér
og ferðist og eti og hlæi með þér.
Kannski að öldin mín ákæri mig
að aðhafast lítið og fari á svig.

Afi og amma
(frið-finnur yrkir)

Fótgangandi er afi og amma röltir með.
Ekkert eru að fara og fæst af nýju skeð.
Stúrin er því amma en afi kaldur fer
áfram gamla veginn sem þar ennþá er.

Amma sagði“ „Góði ei gakktu svona hratt.
Gangan þá ei drepur. Og framundan er bratt.
Æ góði hægðu á þér svo þreytist ekki meir:“-
„Þegi þú nú heillin ég fer um eins og Geir.“

Gengur veginn afi en amma hefur sest.
Aftur hefur pollur smá á tauið slest.
Hún ekki finnur friðinn sem afi sagði frá
né flógáttir af hinu sem menn ku vilja fá.

Amma verður foxill og fjargviðrast um allt.
Ferðin heim til Stúu var sko ekkert salt.
Afi heldur velli með voða flottan svip.
Fer í hendingskasti. Þekkir ömmu grip.

„Komdu gæskan hingað. Ég hef fundið skó
sem hingað hefur ratað líklega af sjó.
Þessi er í lagi en hvar er gæskan hinn?
Í hendi skal hann vera. Ég nota þá um sinn.“

Amma rís á fætur í fótunum er þreytt.
Ferðin gegnum lífið hefur öllu breytt.
Hún er ekki lengur lífsglöð eins og var
Lagalegasta kona með ekkert framár svar.

Naut í flagi?

(frið-finnur yrkir)

Aftur er hann stúrin og stangar eins og naut.
Stendur eftir allslaus í sínum gamla graut.
Rúinn smá af trausti sem takmarkar hans vald.
Tryggðin var þó áður mannsins aðal hald.

Nú er það allt horfið í hefndar þorstans hyl.
Hryggur yfir mörgu sem ég alveg skil.
Svona bara gerist af gömlum sárum þeim
sem ganga lúin með oss bæði frá og heim.

Lækning kemur engin ef aldrei er í sótt.
Ekki er nóg að þæla daginn út og nótt.
Verkið bara dugir og dugnaðurinn með.
Drengur minn sem hefnir fældu burtu það.

Til er sonur vonin sem vakna skal með þér.
Vektu henni þorsta og lausnin betur sér.
Ekki lengur berjast við einn og annan til
og enda í fúlum skurði í grímulausum byl.

Réttur er nú tíminn að takast á við það.
Treginn hefur merkt þig hér á góðum stað.
Söðla um og breyttu barningi í mýkt.
Bíddu eftir góðu og því sem ei er sýkt.

Úlfurinn

(frið- finnur yrkir)

Læðist þar um úlfurinn
í ofsalegu formi.
Hann er vesæll vargurinn
sem verður oft að stormi.

Læðist, hvíslar hátt geltir .
Hrindir frá sér öðrum.
Á milli eigið skott eltir
og eigin veifar fjöðrum.

Vorangan í lofti

(frið-finnur yrkir)

Vorangan í lofti og loftið úti tært.
Loksins meiri birta og ljósið orðið skært.
Hefst það allt með tíma og tíð á vori grein.
Tekur aftur stefnu og gatan aftur bein.

Segir fullt af sögum um söng og alslags fjör.
Segist gefa meira og hafa betri kjör.
Allt kom það með birtu sem baðar vanga minn
og blíðlega mig kyssti en sagði bless um sinn.

Svo kom aukin birta og aftur ofsa fjör.
Öllu gamni lauk er féll ég um eitt rör.
Purrkaði af andliti elskulega bros
og umbreytti í voða stórt og mikið gos.

Munnur fylltist allur orðum mörgum af.
Allskonar þau voru. Á stærð við meðal haf.
Allt þá skalf og hristist hringinn kringum mig
Hamingjan mín eina. Ég missti burt eitt stig.

Samt er úti birta sem baðar allt mitt geð.
Og bróðir minn er mættur. Gat nú verra skeð.
Hann sagði mér að andann draga út og inn.
Allt þetta ég gerði en blóðbragð svolítið finn.

Svona gerist líka þó leiki birta menn.
Laglegast fólkið birtist enda senn.
Það kemur og með eitt og annað handa mér
og etur krásir með mér eins og vera ber.

Er árinu eldri.

(frið-finnur yrkir)

Nú er það liðið ég ári er eldri.
Alltaf samt jafngamall er
Hef verið uppi í eigninni seldri
Alltaf þó jafnglaður fer.

Árin að baki þau brúkast í reynslu
og bera mig framtíðar til.
Þau hafa gefið mér mikla lífsreynslu.
Margt er því ei hér um bil.

Fullvissa vaknar hún vekur mér gleði.
Von kviknar allstaðar því.
Allt sem ég reyndi og allt sem að skeði.
Já, ekkert er nýtt lífi í.

Árin að baki þau segja samt lítið.
Sami gaur gengur um hér.
Hvort sem þekkir mig mikið og lítið
er maðurinn ég líkur þér.

Sem emja og skæli og skríð inn í vana
og skoða, en mann voða fátt.
Sem kanna að starfa á stórusta á krana
Strengja vír og lyfta hátt.

Þetta er ég þó að aldurinn æði
yfir sem flóðaldan sjálf.
Þó er svo komið. Ég elska allt næði
en einskonar glíma við álf.

Nútíminn og ruslið.

(frið-finnur yrkir)

Nóg er hér af rusli og ríflegt magnið er.
Rásir allar teppast en draslið ekkert fer
Það telur sig í stöðu að standa af sér allt
og sterkt sig telur vera og bæði heitt og kalt.

Allur vilja það burt og brennan hundsar það.
Ber því við að landslög sjái hvað sé að.
Þau menn skipa og skammi og reki eins og hund
svo skolist þeir í burtu og emji litla stund.

Draslið safnast fyrir og hlær og segir hátt:
„Herrar mínir flottir þið gefið ekkert smátt
Ég ét í bílaförmum en bið um meira samt
Bara að þið vilduð herrar bæta við minn skammt.

Herrar allir segja: Sá er góður. Vá!
Svona á að gera. Já bæta meiru á.
Fyllum allar lægðir og leysum vetnið út
og losum okkur við þetta og köstum þessum grút.

Draslið fyllti holu og aðra einnig til.
Allstaðar komin fýla sem ég allvel skil.
Draslið mitt er farið en loftið orðið mett
Í fjarska er samt glæsilegt og hvergi sér á blett.

Skáldið að vakna

(frið finnur yrkir)

Blundar núna skáldið. Það bráðum fer af stað.
Bera út sínar vísur og en ekki hvað?
Segir kvæðabálka og kann vel fagið allt
Kemur sér í girinn. Sem þykir vera svalt.

Tóninn flæðir.

(frið-finnur yrkir)

Tónlistin ómar og tekur sitt pláss
Trúið að svoleiðis er það.
Hún sækir okkur og við eignumst stáss.
Öll er hún sköpuð á blað.

Sorginni burt fer og vaknar þá líf
Vinurinn tekur fljótt við sér.
Hann kemst í ham og verður þá hlíf
Hinum sem örvænta hér.